



Nú er 18. starfsár Vatnsendaskóla hafið og í ár eru tæplega 580 nemendur í skólanum og rúmlega 80 starfsmenn. Í skólasamfélagi okkar eru því tæplega 2000 einstaklingar.

Einkunnarorð skólans eru Virðing – Vinátta – Samvinna – Skapandi starf. Við leggjum áherslu á að þessi gildi fái gott rými í starfi okkar í skólanum. Velliðan og öryggi er forsenda þess að nemendur og starfsmenn geti unnið vinnuna sína af kostgæfni og allúð.

Bekkjarfulltrúar eru mikilvægir tengiliðir milli heimila og skóla. Gott samstarf við foreldra og fjölskyldur nemenda er okkur mikilvægt. Við viljum því minna á að það þarf heilt þorp til að ala upp barn.

Nokkrir árgangar eru farnir að hafa bekkjarkvöld og framundan eru nokkrar bekkjarskemmtanir. Bekkjarkvöld er mikilvæg fyrir börnin ykkar, þau eru vettvangur til að hittast utan skólatíma og gera eitthvað skemmtilegt saman. Þetta er ekki síður vettvangur fyrir foreldra til að hittast og kynnast og mynda tengsl sín á milli, það er mikilvægt fyrir foreldra að þekkja aðra foreldra. Þetta á við um alla árganga og hvetjum við ykkur til að hafa bekkjarkvöld sem fyrst.

Að lokum viljum við þakka fyrir góðar mætingar á námskynningar og súpufundi hjá öllum árgöngum. Það var virkilega gaman að fá foreldra aftur inn í skólann.

Bestu kveðjur, Stjórnendur Vatnsendaskóla.

Réttindaskóli

Nú styttest í að umsókn Vatnsendaskóla að verða réttindaskóli verði tekin fyrir hjá Unicef. Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi.

Réttindaráð skólans fundar á tveggja vikna fresti. Við erum því full tilhlökkunar að geta verið á fullri ferð í þessari mikilvægu vinnu. Í ráðinu eru 18 nemendur af öllum stigum, ásamt tveimur kennurum, fulltrúa foreldra og forstöðumenn Dimmu og Stjórnuheima.

Réttindaskóli Unicef mun fara yfir undirbúningsvinnu okkar. Hægt er að skoða fundargerðir réttindaráðsins á heimasíðu skólans.



Losa dekk á reiðhjólum !

Við viljum biðja foreldra að taka umræðuna við börn sín um alvarleikan á því að eiga við dekk á reiðhjólum annarra. Hjólin eiga að vera í friði við skólann. Meðfylgjandi mynd sýnir hvernig hægt er að festa dekkinn þannig að erfiðara sé að losa þau.

Fyrst og fremst verða börnin að vera upplýst um hættuna sem skapast þegar dekk eru losuð.

Við lítum mjög alvarlega á þau mál sem hafa komið upp hjá okkur, sem betur fer eru þau fá en því miður hafa þau samt sem áður komið upp.



Skólareglur Vatnsendaskóla er að finna [hér](#), alltaf er gott að fara yfir skólareglurnar og ræða saman hvað felst í þessum reglum.

Af hverju er skólareglur? Hvernig væri skólinn ef engar reglur væru? Hvað er gott við reglurnar? Hvað mætti laga í reglum skólans?

Fréttir af skólastarfi

Allir árgangar unnu **bekkjarsáttmála** nú á haustdögum í tengslum við uppeldi til ábyrgðar sem er uppeldisstefna okkar. Hér má sjá nokkrar útgáfur af bekkjarsáttmálum sem unnir voru af nemendum skólans.



Hinsegin fræðsla. Á starfsdögum fengu starfsmenn Vatnsendaskóla hinsegin fræðslu frá Margréti Sigurðar-dóttur, uppeldis- og menntunarfræðingi undir yfirskriftinni Verum góð. Nauðsynleg fræðsla fyrir alla. Í vetur munu nemendur fá fræðslu frá sínum kennurum í lífsleikni. Her er að finna margskonar fróðleik um hinsegin samfélagið <https://hinsegin dagar.is/>





UTÍS ráðstefna var haldin 23. og 24. september.

Starfsmenn Vatnsendaskóla fjölmenntu á ráðstefnuna og voru mjög ánægðir með þau fræðsluerindi sem þeir hlýddu á. Alls voru 18 erindi á ráðstefnunni sem ráðstefnugestir hafa aðgang að út skólaárið.

Menntabúðir voru haldnar 3. október sl. en þar gefst starfsmönnum allra skóla í Kópavogi tækifæri til að sækja fræðslu, jafnt jafningjafræðslu sem og fræðslu frá fyrirlesurum. Frábæra Sprettsteymið okkar kynnt samþættingu námsgreina á elsta stigi en þess má geta að þau hlutu einmitt Kópin vörðkenningu menntaráðs fyrir framúrskarandi starf í grunn-skóla árið 2021.



Smiðjur á miðstigi/útinám. Nemendur á miðstigi unnu verkefni ásamt Steinunni Dúu kennara í útinámi nú á haustdögum. Nemendur fengu fyrir-mæli að skapa listaverk úr náttúrunni. Hér er nokkrar myndir af listaverkum nemenda.



Sveitaferð. 3. árgangur fór í sveitaferð 29. september sl. Kennara og nemendur nutu sín vel í sveitinni, grilluðu pylsur og nutu útiverunnar. Hér eru nokkrar myndir úr ferðinni.



Áhugaverðar dagsetningar í október og nóvember

24.-25.10 Vetrarfrí

01.-15.11 Ugluátak
Lestur er bestur

17.11 Skipulagsdagur
frístund lokuð

Vatnsendaskóli notar

Mentor til að halda

utan um

námsárangur,

mætingar og annað

sem að við kemur nemendum. Hér er að finna **handbók** fyrir aðstandendur sem gott er að kynna sér. Við minnum einnig á það hægt er að skrá langtíma leyfi, leyfi og veikindi nemenda í gegnum Mentor appið eða heimasíðuna www.mentor.is



Námsvefur Vatnsendaskóla

Inn á námsvef Vatnsendaskóla er margt áhugavert þar má t.d finna námsefniskynningar og kennsluáætlanir. Smelltu [hér](#) til að skoða námsvefinn okkar.

Spjaldtölvuvefur Kópavogsbæjar

Gagnlegar og mikilvægar upplýsingar eru að finna á spjaldtölvuvefnum.

Smelltu [hér til](#) að skoða vefinn.

Við minnum á að Vatnsendaskóli er hnetu-, möndlu- og kívílaus skóli.

Mötuneyti Vatnsendaskóla er starfrækt fyrir alla nemendur og starfsmenn skólans.

Lögð er áhersla á fjölbreytta fæðu og starfar mötuneytið eftir lýðheilsuþáttum. Hér er að finna [matseðil](#) næstu vikna.

Frá og 10. október bjóðum við upp á grænkerafæði fyrir nemendur og starfsmenn.

Grænkerafæðið fer vel af stað. Skráning verður send út 20. október fyrir nóvember skráningu.



Nemendur og foreldrar eru hvattir til að senda hugmyndir að nýjum og áhugaverðum réttum á alfred@kopavogur.is hvort heldur almenna rétti eða grænkerafæði.

Saman gerum við gott mötuneyti betra !



Foreldra- og nemedaviðtöl í 1.-10. árgöngum eru dagana 10.-21. október. Viðtölin fara fram í skólanum en foreldrar geta óskað eftir raf-rænu viðtali. Skráning í viðtölin fór fram í gegnum Mentor dagana 28. september - 5. október 2022.

Við viljum minna á :

- ◆ Sleppisvæði við Vatnsendaveg til að minnka umferð í kringum skólann.
- ◆ Vespur, hjól, hlaupahjól eða önnur faratæki mega ekki aka á skólalóðinni. Almennar reglur um vespur og notkun þeirra er að finna [hér](#)
- ◆ Við minnum á að brýna fyrir börnum að nota hjólahjál.
- ◆ Allir nemendur, og sérstaklega nemendur 1.-7. árg. eiga að koma klæddir eftir verðri alla daga. Gott er að hafa auka sokka, buxur eða annað sem þarf í töskunni á blautum dögum.
- ◆ Minnum á notkun á endurskinsmerkjum, þau geta bjargað mannlífum.

[Eineltisáætlun](#) Vatnsendaskóla er að finna á heimasíðu skólans www.vatnsendaskoli.is þar er einnig að finna ýmsan fróðleik sem að tengist skólastarfi okkar.



VATNSENDASKÓLI